



# SKILMÁLAR VEGNA PENINGAMARKAÐSLÁNA

LÁNAMÁL RÍKISINS

milli Seðlabankans og [•] sem viðskiptamanns

## 1. Gildissvið og tilgangur

- 1.1. Skilmálar þessir gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands, f.h. fjármála og efnahagsráðuneytisins, í nafni Lánamála ríkisins (í þessum skilmálum nefnd Seðlabankinn) og viðskiptamanns vegna peningamarkaðslána sem lið í lausafjárstýringu ríkissjóðs og í samræmi við langtímastefnu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í lánamálum ríkisins sem birt er á hverjum tíma. Lánamál ríkisins í Seðlabankanum sjá um umsýslu lausafjárstýringar f.h. ríkissjóðs.
- 1.2. Skilmálarnir gilda fyrir veitt og tekin peningamarkaðslán og er ætlað að lýsa réttarsambandi milli Seðlabankans og viðskiptamanns. Skilmálarnir fjalla m.a. um hvernig samningar komast á milli aðila og boðskipti fara fram, hvaða kröfur Seðlabankinn gerir um tryggingar fyrir viðskiptum og við hvaða aðstæður Seðlabankanum er heimilt að gjaldfella lán.
- 1.3. Viðskiptamaður skal undirrita skilmála þessa og veðsamning sbr. fylgisskjal nr. 1 áður en þeir eiga viðskipti við Seðlabankann.

## 2. Framkvæmd viðskipta

- 2.1. Í samræmi við skilmála þessa geta Seðlabankinn og viðskiptamaður óskað eftir tilboði í peningamarkaðslán. Seðlabankinn krefst ávallt trygginga ef um er að ræða veitt peningamarkaðslán til viðskiptavinar. Þá getur Seðlabankinn boðið fram tryggingar með þeim peningamarkaðslánnum sem Seðlabankinn tekur.
- 2.2. Óskir um tilboð skulu lagðar fram í Bloomberg-viðskiptakerfinu. Í ósk um tilboð skal að jafnaði koma fram: lánsfjárhæð, fyrsti vaxtadagur, gjalddagi og viðskiptadagur. Einnig skal koma fram hvort tilboð er gert í veitt eða tekið peningamarkaðslán. Heimilt er að setja tilboðsfrest í ósk um tilboð.
- 2.3. Í tilboði skulu vaxtakjör sett fram með einföldum vöxtum á lánsfjárhæð. Tilboð skulu hlaupa á heilu hundraði milljóna króna.
- 2.4. Við samþykki tilboðs í Bloomberg-viðskiptakerfinu stofnast skuldbindandi samningur milli aðila. Sé ekki unnt að framkvæma viðskipti í Bloomberg-viðskiptakerfinu geta skuldbindandi samningar komist á með tölvupósti. Aðilar samnings þessa eru ekki skuldbundnir til að svara tilboðum. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta þeirra eða hafna þeim öllum.
- 2.5. Staðfesting (e. confirmation) á því að samningur hafi stofnast skv. framangreindu er framkvæmd með MT320 SWIFT-keyti milli aðila.
- 2.6. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir nema sá dagur sé í næsta mánuði, en þá skal gjalddagi færast fram á næsta bankadag á undan. Bankadagur í samningi þessum er virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi.
- 2.7. Vaxtatímabil er sá dagafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram að síðasta degi tímabilsins. Vaxtatímabil samnings hefst á fyrsta vaxtadegi samningsins og

endar á gjalddaga samnings. Gjalddagi vaxta er á síðasta degi vaxtatímabils. Bankadagsreglur gilda um gjalddaga vaxta.

- 2.8. Dagareglur við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi) er Actual/360, þ.e. fjöldi almanaksdaga á móti 360. Vextir eru margfaldaðir með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.

## 3. Tryggingar

- 3.1. Um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir vegna viðskipta á grundvelli skilmála þessara fer eftir lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir nr. 46/2005.
- 3.2. Þegar viðskiptamaður er krafinn um tryggingar til tryggingar skilvísun og skaðlausum greiðslum á öllum skuldum og skuldbindingum viðskiptamanns skv. skilmálum þessum skal gerður sérstakur skriflegur veðsamningur.
- 3.3. Eftirfarandi tryggingar er metnar hæfar:
  - (a) Verðbréf útgefin af ríkissjóði
  - (b) Verðbréf með ríkisábyrgð
  - (c) Sértryggð skuldabréf skv. lögum um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008 sem eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði á Íslandi, sbr. 1. tölulið, 1. mgr. 5. gr. laganna og staðgöngutryggingar sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna
  - (d) Önnur skuldabréf sem Seðlabankinn metur hæf hverju sinni
  - (e) Reiðufé í íslenskum krónum, sbr. t.d. 3.6. gr.
- 3.4. Þau verðbréf sem tiltekin eru í 3.3. gr. skulu ávallt uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - (a) Verðbréfin skulu vera gefin út í íslenskum krónum
  - (b) Verðbréfin skulu vera rafrænt eignarskráð í verðbréfamistöð
  - (c) Stærð verðbréfaflokksins skal á hverjum tíma að lágmarki vera 10 milljarðar króna að markaðsvirði
  - (d) Verðbréfin skulu hafa daglega viðskiptavakt í viðskiptakerfi sem Seðlabankinn samþykkir. Viðskiptavaktin þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
    - i. Dýpt markaða: Lágmark 180 m.kr. samtals í framlögðum kautilboðum og 180 m.kr. samtals í framlögðum sölutilboðum (e. bid and ask)
    - ii. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða: Skal ákvarðast af verði gildra tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða er ákveðinn eftir lánstíma til gjalddaga á viðskiptadegi og má mest vera:

Lánstími til gjalddaga	Hámarksverðbil
< 6 ár	0,60%
6 - 12 ár	0,70%
> 12 ár	1,15%

  - (e) Verðbréfin mega, að mati Seðlabankans, ekki innihalda óvenjuleg ákvæði s.s. innköllunarákvæði og önnur ákvæði sem torvelða verðmat á viðkomandi verðbréfi að mati Seðlabankans.
  - (f) Nafnverð verðbréfa sem lögð eru fram til tryggingar skulu ávallt vera í heilum milljónum króna.

- 3.5. Seðlabankanum er heimilt að undanskilja verðbréf sem útgefin eru af ríkissjóði og lögð eru fram til trygginga frá því skilyrði sem fram kemur í d-lið 3.4 gr.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

- 3.6. Afborganir, vextir eða aðrar greiðslur eru ekki greiddar af framlögðum tryggingum á samningstíma. Komi til þess að greitt sé af verðbréfi, þá skal greiðslan lögð inn á vaxtalausan reikning í Seðlabankanum á nafni viðskiptamanns og afhentur viðskiptamanni ásamt tryggingum við lok samningstíma. Heimilt er að afhenda viðskiptamanni greiðslur þessar fyrir lok samningstíma gegn fullnægjandi tryggingum.
- 3.7. Tryggingar sem Seðlabankinn metur hæfar aðrar en þær sem tilgreindar eru í a-lið og e-lið, 3.3. gr. (nema þær tryggingar sem falla undir 3.5. gr.) skulu birtar á sérstökum lista sem finna má á heimasíðu Lánamála ríkisins ([www.lanamal.is](http://www.lanamal.is)). Seðlabankinn þarf ávallt að samþykkja sérstaklega ef viðskiptamaður leggur fram nýja tryggingu sem ekki er að finna á framangreindum lista. Seðlabankinn getur metið hvort breytingar á framlögðum tryggingum hafi áhrif á tryggingarhæfi viðkomandi trygginga. Seðlabankinn á rétt á að fá afhentar allar upplýsingar um tryggingar sem viðskiptamaður leggur fram eða hefur lagt fram og Seðlabankinn metur nauðsynlegar.
- 3.8. Við mat á verðmæti verðbréfa sem lögð eru til tryggingar skal miða við nýjasta markaðsverð úr Bloomberg viðskiptakerfinu, ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum. Markaðsverðið miðast við hagstæðasta kauptilboð fyrir verðbréf sem lögð eru til tryggingar í Seðlabankanum, og hagstæðasta sölutilboð fyrir tryggingar sem Seðlabankinn leggur fram.
- 3.9. Veðþekja trygginga skal vera með þeim hætti að í upphafi samningstíma skal viðskiptamaður afhenda lágmarksveðþekju sem hlutfall af skuldbindingu skv. peningamarkaðsláni, eftir því hvaða tryggingar eru lagðar fram:
- | Tryggingar                 | Lágmarksveðþekja |
|----------------------------|------------------|
| Ríkisskuldabréf            | 105%             |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 105%             |
| Sértryggð skuldabréf       | 107%             |
- Seðlabankinn ákveður lágmarksveðþekju annarra trygginga hverju sinni. Ef Seðlabankinn leggur fram tryggingar skal veðþekja þeirra í upphafi vera 95%.
- 3.10. Ef summa markaðsvirðis verðbréfa sem viðskiptamaður hefur lagt fram til tryggingar lækkar á samningstímabilinu um tvö (2) prósent af skilgreindri lágmarksveðþekju skv. ofangreindu, skal viðskiptamaður leggja fram viðbótartryggingar þannig að lágmarksveðþekju verði náð á ný. Að sama skapi getur viðskiptamaður óskað eftir því að fá afhentar tryggingar ef summa markaðsvirðis hækkar á samningstímabilinu um tvö (2) prósent af skilgreindri lágmarksveðþekju skv. ofangreindu, þar til lágmarksveðþekju er náð á ný.
- 3.11. Viðskiptamaður ábyrgist að tryggingar sem lagðar eru fram séu veðbanda og kvaðalausar. Viðskiptamanni er óheimilt framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim tryggingum sem hann hefur sett Seðlabankanum að veði. Viðskiptamaður hefur ekki heimild til að skipta út tryggingum á samningstíma, nema í sérstökum undantekningartilvikum, s.s. ef tryggingar hafa reynst ófullnægjandi, og með samþykki Seðlabankans.
- 3.12. Geri Seðlabankinn kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptamaður verða við kröfu Seðlabankans samdægurs. Kröfur um tryggingar eða viðbótartryggingar skv. 3.10. gr. getur Seðlabankinn sett fram með tölvupósti.

- 4. Vanefnd og gjaldfellingarheimildir**
- 4.1. Vanefni viðskiptamaður skuldbindingar sínar, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptamaður tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd telst hafa komið upp.
- 4.2. Vanefni viðskiptamaður skuldbindingar sínar verulega er Seðlabankanum heimilt að gjaldfella viðkomandi samning.
- 4.3. Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd (e. event of default), enda hafi viðskiptamaður ekki bætt úr verulegu vanefndinni innan þriggja (3) bankadaga frá því Seðlabankinn tilkynnti viðskiptamanni um vanefndin væri komin fram:
- Ef viðskiptamaður greiðir ekki á gjalddaga.
  - Ef viðskiptamaður leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar
  - Ef viðskiptamaður verður ekki við kröfu Seðlabankans um viðbótartryggingar, sbr. 3.12 gr.
  - Ef viðskiptamaður hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja (2) bankadaga.
  - Ef viðskiptamaður er í vanskilum við Seðlabankann f.h. ríkissjóðs með aðrar skuldbindingar, samtals umfram kr. 100.000.000, en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við Seðlabankann. Undir þennan lið gætu fallið vanefndir í tengslum við verðbréfalán sem Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs veitir fjármálaafyrirtækjum.
  - Ef viðskiptamaður hefur vanrækt að tilkynna Seðlabankanum um ákvörðun um samruna, skiptingu viðskiptamanns í fleiri sjálfstæð félög eða meiriháttar breytingu á tilgangi viðskiptamanns, sem hefur áhrif á getu viðskiptamanns til að standa við skuldbindingar sem stofnað er til á grundvelli skilmála þessara.
- 4.4. Seðlabankinn tilkynnir viðskiptamanni um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning og tilkynning skv. 4.3. gr. skal send viðskiptamanni með skriflegum hætti.
- 4.5. Komi til gjaldfellingar samnings annast Seðlabankinn útreikning á hagnaði eða tapi viðskiptamanns af viðeigandi samningi sem og á markaðsverðmæti trygginga. Seðlabankinn skal senda viðskiptamanni þann útreikning eigi síðar en fimmtán (15) bankadögum eftir gjaldfellingu samnings.
- 4.6. Þegar skuld er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu er Seðlabankanum heimilt að eigin vali að selja á markaði eða taka til sín verðbréf sem lögð hafa verið til tryggingar að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum Seðlabankans. Á þeim degi sem Seðlabankinn ákveður að nýta sér þá heimild að taka til sín verðbréfin skal markaðsverðmæti trygginga miðast við hagstæðasta kauptilboð í lok dags í viðkomandi viðskiptakerfi daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati bankans er heimilt að miða verðmatið við meðaltal á hagstæðustu kauptilboðum í lok dags, síðustu tíu bankadaga á undan.
- 4.7. Viðskiptamaður skal greiða dráttarvexti af kröfu Seðlabankans frá og með gjalddaga og skal hún bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti



## LÁNAMÁL RÍKISINS

- og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.
- 4.8. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir gjalddaga.
- 4.9. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptamanns á skyldum hans, skuldbindur viðskiptamaður sig til þess að greiða Seðlabankanum auk vaxta og dráttarvaxta allan sanngjarnan og eðlilegan kostnað sem Seðlabankinn leggur út fyrir vegna vanefndanna, svo sem vegna málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsbókunar eða annars lögfræðilegs kostnaðar vegna innheimtu, auk annars sanngjarns og eðlilegs kostnaðar.
- 5. Ábyrgð á samningum, skaðleysisyfirlýsing**
- 5.1. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Seðlabankans eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma eða tölvupósti. Þá er Seðlabankinn ekki ábyrgur fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 5.2. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnabanni.
- 5.3. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórmmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líklegir til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er Seðlabankinn veitir, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.
- 5.4. Ákvæði í kafla þessum varðandi ábyrgð Seðlabankans, skulu gilda um viðskiptamann að breyttu breytanda.
- 6. Uppgjör viðskipta**
- 6.1. Seðlabankinn hefur heimild til að skuldfæra af stórgreiðslureikningi viðskiptamanns vegna viðskipta og hvers konar uppgjóri viðskipta vegna þeirra.
- 6.2. Viðskiptamaður skal skila tryggingum sem lagðar eru fram til tryggingar peningamarkaðsláni inn á reikning verðbréfaskráningar á sinni eigin kennitölu í síðasta lagi klukkan 16:00 á viðskiptadegi. Þegar Seðlabankinn hefur sótt tryggingarnar mun hann afgreiða lánsfjárhæðina af reikningi sínum yfir á reikning viðskiptamanns.
- 6.3. Á gjalddaga samnings skuldfærir Seðlabankinn lánsfjárhæðina af reikningi viðskiptamanns áður en afhending trygginga á sér stað. Viðskiptamaður skal tryggja að nægileg fjárhæð sé á viðskiptareikningi sínum vegna uppgjors viðskipta, eigi síðar en kl. 12:00.
- 6.4. Ef Seðlabankinn leggur fram tryggingar vegna peningamarkaðslána skuldfærir Seðlabankinn lánsfjárhæðina af reikningi viðskiptamanns áður en trygging er afhent á kennitölu Endurlána ríkissjóðs hjá verðbréfamiðstöð. Á uppgjorsdegi samnings mun lánsfjárhæðin ekki vera greidd inn reikning viðskiptavinar fyrir en tryggingar hafa verið afhentar og sóttar af Seðlabankanum á kennitölu Endurlána ríkissjóðs hjá verðbréfamiðstöð.
- 6.5. Verðbréf sem viðskiptamaður leggur til tryggingar eru vistuð á VS-reikningi viðkomandi viðskiptamanns á svæði Endurlána ríkissjóðs og jafnframt veðsett Seðlabankanum samkvæmt sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.
- 7. Ýmis ákvæði**
- 7.1. Komi til þess að Seðlabankinn taki peningamarkaðslán hjá viðskiptamanni skulu ákvæði skilmála þessara gilda um þau viðskipti eftir því sem við á.
- 7.2. Viðskiptamaður á ekki einhliða kröfu gagnvart Seðlabankanum um að viðskipti séu gerð á grundvelli skilmála þessara þótt hann hafi undirritað þá.
- 7.3. Viðskiptamanni er skylt að tilkynna Seðlabankanum þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ. á m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda á skuldbindingum viðskiptamanns skv. skilmálunum.
- 7.4. Viðskiptamaður skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Seðlabankann vegna samnings þessa. Viðskiptamaður ber ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hans hönd í samskiptum við Seðlabankann.
- 7.5. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 7.6. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta þeim hvenær sem er. Breytingar á skilmálum skv. ákvæði þessu hafa ekki áhrif á þá samninga sem eru í gildi þegar breyting á sér stað. Seðlabankinn skal tilkynna viðskiptamanni með nægilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á skilmálum þessum.
- 7.7. Fyrirsagnir í skilmálum þessum eru einungis til skýringar
- Framanrituðu til staðfestingar undirrita Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs og viðskiptamaður.

Staður og dagsetning

Seðlabanki Íslands, f.h. ríkissjóðs

F.h. [●] sem viðskiptavinur skv. skilmálum þessum